

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi og breytingu á hverfisskipulagi í Reykjavíkurborg.

Miklabraut 100.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 22. nóvember 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar vegna lóðarinnar nr. 100 við Miklubraut. Í breytingunni felst að bætt er við nýjum byggingarreit fyrir spennistöð og tæknirými á lóð ásamt viðbótarrými fyrir hleðslubúnað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Saltvík – reitir B og C.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 16. maí 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Saltvíkur á Kjalarnesi vegna reita B og C. Í breytingunni sem lögð er til felst hækkun á nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Heilsuverndarreitur – Snorrabraut 54.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. maí 2024, breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að endurbyggja húsið (Mjólkurstöðin) sem íbúðahótel en um leið færa bygginguna nær upphaflegu útliti, stækka kjallarahæð sem leiðir til stækkunar skráðra fermetra neðanjarðar, endurgera glugga sem næst upprunalegri mynd, fjarlægja eldri byggingarhluta til norð-vesturs en þar er núverandi anddyri hússins og gera þess í stað minni útbyggingu sem verður nýtt anddyri hússins, hækka gólfplötu á 1. hæð, síkka glugga að Snorrabraut lítilla og rífa og endurbyggja Ketilhúsið í fyrri mynd að utanverðu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breiðholt, hverfi 6.2, Seljahverfi – Klyfjasel 26.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 20. júní 2024, breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfis 6.2, Seljahverfis, vegna lóðarinnar nr. 26 við Klyfjasel. Í breytingunni sem lögð er til felst að felldur er niður byggingarreitur fyrir bílskúr við lóðarmörk lóðarinnar nr. 24 við Klyfjasel, en í staðinn er gerður byggingarreitur fyrir stakstæðan bílskúr 35 m² við suðaustur horn lóðar til hliðar við hesthús samnefndar lóðar. Auk þess verður felldur niður skilmáli fyrir þegar byggðu hesthúsi sem er skv. gildandi skilmálum gr. 2. (Húsagerð), en í staðinn verður hesthúsið skilgreint sem stakstæð útbygging. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. júlí 2024.

Björn Axelsson.